



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2008

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

Fréttabréfið berst að þessu sinni til ykkar með vetrarvindinum og er það þriðja í röðinni sem þessi ritnefnd gefur út. Eins og oft vill verða í haustfréttabréfinu er aðaluppistaðan í ritinu fréttir af innra starfi samtakanna á heimsvísu, á landsvísu og af deildastarfi heima í héraði. Fréttir eru frá öflugum vorþingi landssambandsins sem haldið var í Menntaskólanum í Kópavogi og hinu fjölsóttu alþjóðþingi sem haldið var í Chicago í sumar. Þá lagði ritnefndin sérstaka áherslu á að birta upplýsingar um starfið í öllum deildum og sendu allir formenn inn pistla. Formönnum er þakkað framlagið, en ljóst er að mikill kraftur er í deildastarfinu út um allt land.

Skemmtilegar myndir fylgdu sumum pistlunum og viljum við hvetja konur til að vera duglegar að senda okkur myndir af fundum eða öðrum viðburðum úr deildastarfi. Margar DKG-konur eru þátttakendur í ýmis konar þróunarverkefnum, rannsóknum, nýsköpun, fræðibókaútgáfu og fleiri verkefnum, sem oft fara hljótt í fjölmiðlunum. Gaman væri að geta sagt meira frá þessum afrekum kvenna í fréttabréfinu og vill ritnefndin hvetja félagskonur að senda henni kynningar og/eða ábendingar um skemmtileg verkefni. Efnið þarf ekki endilega að vera langt eða ítarlegt, það mætti jafnvel vera hugleiðingar eða vangaveltur á líðandi stundu. Grein Unnar Ingólfsdóttur *Hið gullna jafnvægi* var einmitt flutt á deildarfundi Kappadeildar nú í haust, en *Orð til umhugsunar* eiga svo sannarlega oft erindi til margra annarra en þeirra sem sækja einstaka fundi.

Íslendingar upplifa nú erfiða tíma og þá er brýnt að huga að líðan fólks. Við getum allar stuðlað að betri líðan í nærumhverfi okkar, hlúð að vinum, ættingjum og samstarfsfólki. Grein Bryndísar Friðgeirsdóttur *Vangaveltur um líðan* er hugleiðing um það hvernig við getum verndað geðheilsuna, þegar við verðum fyrir áföllum og byggt upp forvarnir. Það er ekki nóg að styrkja líkamlega hreysti heldur þurfum við líka að byggja upp andlegt heilbrigði.

Nú er jólin framundan, yndislegur tími sem á undanförunum hefur að margra mati um of einkennst af kapphlaupi um veraldleg gæði. Væntanlega verður þar breyting á um þessi jól og kannski felast einmitt í því tækifæri til að endunýja góð og gömul gildi.

Við sendum DKG-konum og fjölskyldum þeirra um allt land okkar bestu óskir um gleðilega hátíð og gott og farsælt komandi ár.

Bryndís Friðgeirsdóttir
Jóna Benediktsdóttir
Sigríður Ragnarsdóttir

Fréttabréfið er sett upp í forritinu Publisher og prentað hjá Pixel

Anna Þóra Baldursdóttir
landssambandsforseti



Pistill landssambandsforseta

Kæru félagar í Delta Kappa Gamma.

Margt hefur gerst í íslensku samfélagi síðan við heyrðumst síðast og hefur það sín áhrif á okkur allar og þá sem nærri okkur standa með margvíslegum hætti. Á slíkum tímum sem við upplifum nú er gott að eiga að félagsskap eins og Delta Kappa Gamma. Við höldum okkar striki í þeirri von að um tímabundna erfiðleika sé að ræða. Á slíkum tímum er mikilvægt að halda þétt saman og hyggja vel hver að annarri.

„Tíminn flýgur hratt“ segir í vinsælu dægurlagi. Það er ekki ofsögum sagt. Síðara ár starfstímabils landssambandsstjórnar er þegar hafið, en tilfinningin er sú að við, sem nú sitjum við stjórnvölinn, séum rétt nýteknar við. Upphaf þessa síðara starfsárs markaði framkvæmdaráðsfundur sem haldinn var þann 30. ágúst sl. Um fundinn er nánar fjallað í frásögn hér í þessu fréttabréfi. Nýir formenn og stjórnir voru kjörnir á aðalfundum deilda sl. vor og hófst starfstímabil þeirra formlega þann 1. júlí sl. Stjórn landssambandsins býður nýja formenn og stjórnir velkomna til starfa og væntir góðs samstarfs.



Eins og sjá má á heimasíðunni eru nýir formenn eftirtaldar félagskonur:

Erna Árnadóttir, Alfa.	Jarþrúður Ólafsdóttir, Zeta.
Eygló Björnsdóttir, Beta.	Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Eta.
Björg Eiríksdóttir, Gamma.	Valgerður Guðmundsdóttir, Þeta.
Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, Delta.	Edda Björg Kristmundsdóttir, Jóta.
Vera Valgarðsdóttir, Epsilon.	Marsibil Ólafsdóttir, Kappa.

Þann 17. maí sl. var vorþing haldið í Menntaskólanum í Kópavogi. Nokkur umræða hafði verið um það hvort það bæri að halda þing á hverju ári eða fella niður vorþing nema eitthvað sérstakt væri um að vera, s.s. stofnun nýrrar deildar. Niðurstaðan varð sú að halda vorþingið. Það sóttu um 60 félagskonur og var dagskráin helguð fjölmenningu og er efni úr fyrirlestrum að finna á heimasíðunni. Fyrirlesurum er þakkað fyrir fagleg og fróðleg innlegg. Margrét Friðriksdóttir, skólameistari og félagi í Eta-deild, og hennar fólk sáu um alla umgjörð þingsins og gerðu það með glæsibrag. Það ber svo sannarlega að þakka. Nánari frásögn af vorþinginu er að finna á öðrum stað í fréttabréfinu.

Sl. vetur vann nefnd undir stjórn Sjafnar Sigurbjörnsdóttur í Alfadeild, að tilnefningu og framboði Sigrúnar Klöru Hannesdóttir, fyrirverandi forseta Evrópusamtakanna, í sæti 2. varaforseta í stjórn alþjóðasamtakanna. Gekk það eftir að Sigrún Klara var tilnefnd til embættisins. Hún var kosin og tók við embætti 2. varaforseta á alþjóðaþinginu, sem að þessu sinni var haldið í Chicago í júlí sl. Við hér heima erum að sjálfsgöðu mjög stoltar og einnig samtökin úti í Evrópu, en Sigrún er fyrst Evrópu-kvenna til að taka sæti í stjórn alþjóðasamtakanna. Henni fylgja góðar óskir okkar nú þegar hún hefur starfstímabil sitt.

Alþjóðaþingið sóttu átta konur frá Íslandi og var það óvenjulega stór hópur. Það var einkar ánægjulegt þar sem Sigrún Klara tók við embætti sínu. Ráðstefnan var vel skipulögð og framkvæmd öll og aðbúnaður eins og best verður á kosið. Nýr alþjóðaforseti, Caroline Rants, frá Iowafylki, tók við embætti sínu og einnig nýr Evrópuforseti, Birgit Svensson frá Svíþjóð. Það verður ánægjulegt að starfa með þeim. Ítarlega frásögn um alþjóðaráðstefnuna er að finna í þessu blaði.



Næsta alþjóðþing verður haldið í bænum Spokane í Washingtonfylki, og næsta Evrópuráðstefna verður í Osló dagana 5.–8. ágúst 2009 og verður þinghaldið í miðborginni. Á heimasíðu alþjóðasamtakanna má lesa hvar alþjóðaráðstefnur verða haldnar allt til ársins 2016, en við hér í Evrópu látum okkar nægja að nefna tvær næstu, en 2011 verður haldið til Þýskalands. Hvet ég félagskonur til að fylgjast með fréttum á heimasíðu systra okkar í Noregi, en hana má auðveldlega nálgast á tengli sem Eygló vefstjóri hefur sett inn á íslensku heimasíðuna.

Af heimavelli er það að fréttu að nýtt félagatal er að verða tilbúið og er vonast til að það fari í prentun alveg á næstunni. Þá hefur stjórn landssambandsins ákveðið, í samráði við Zeta-deild á Austfjörðum, að landssambandsþing 2009 verði haldið á Hallormsstað dagana 16.–17. maí næstkomandi. Hægt verður að fá gistirými frá og með föstudeginum fyrir þær félagskonur sem þess óska. Þema þingsins verður *Nýi kennarinn*. Á Hallormsstað er nýlegt hótél og er baðherbergi með öllum herbergjunum. Fundar- og mataraðstaða verður í skólahúsinu. Nánari upplýsingar verða til þegar nær dregur og er m.a. bent á heimasíðuna okkar í því sambandi (<http://dkg.muna.is>).

Deildir hafa nú allar hafið vetrarstarfið með fjölbreyttri dagskrá. Er það von mín að framkvæmdaráðsfundurinn hafi nýst vel við undirbúning starfsins. Áhugavert verður að fylgjast með starfi deilda í vetur, en það hefur verið gróskumikið á undanförmum árum.

Með von um ánægjulegt starf framundan í öllum deildum og ósk um farsælt samstarf á starfstímabilinu.

Akureyri í nóvember 2008.

Anna Þóra Baldursdóttir.



Bryndís Friðgeirsdóttir Jótadeild

Vangaveltur um líðan

Við hugum oft að forvörnum sem kunna að styrkja líkamann og geta komið í veg fyrir líkamleg veikindi og sjúkdóma. Við hugum til dæmis að mataræði sem gerir líkamann hraustari og líklegri til að takast á við utanaðkomandi áreiti eins og kvef, flensu og fleira. Ekki hefur farið eins mikið fyrir umræðunni um forvarnir til að styrkja geðheilbrigði fólks.



Hin síðari ár hefur þó sjónum í æ ríkari mæli verið beint að mikilvægi þess að vernda geðheilsuna m.a. með því að byggja upp varnir sem gera okkur sterkari til að takast á við andlegt áreiti og jafnvel áföll sem við verðum fyrir einhvern tíma á ævinni. Einnig hefur umræðan opnast meira um aðstæður geðsjúkra og fjölskyldna þeirra sem oft vilja lokast af með vandann sem fylgir því að vera við slæma geðheilsu.

Við höfum öll þurft einhvern tíma á ævinni að glíma við andlega vanlíðan en gerum okkur ekki grein fyrir því að við stígum oft línudans á því sviði. Við finnum fyrir sveiflum á geði, erum ýmist vel upp lögð eða niðurdregin og gerum þá oftast eitthvað í málinu enda eru sveiflurnar grunnar og jafna sig út með reglulegu millibili. Við getum líka tímabundið misst geðheilsuna og náð okkur á strik aftur og við getum líka lent í því að missa geðheilsuna og bíða varanlegt heilsutjón.

Öll erum við ólík með fjölbreyttan bakgrunn og misjöfn að upplagi. Alvarlegur atburður getur valdið áfalli hjá einum meðan hann þarf ekki endilega að valda áfalli hjá öðrum. Það sem skiptir málið í þessu sambandi er m.a. fyrri reynsla en hún getur bæði virkað sem styrkur eða veikleiki. Niðurstöður rannsókna sýna að einstaklingur sem hefur orðið fyrir erfiðri reynslu og ekki unnið úr henni, er líklegri til að eiga í mun meiri erfiðleikum við næsta áfall. Ef einstaklingur hefur hins vegar lent í erfiðri reynslu og tekist að vinna úr henni er líklegt að sú reynsla geti nýst honum ef hann upplifir erfiðan atburð seinna á ævinni.

Rannsóknir sýna að alvarlegir atburðir af manna völdum valda meiri erfiðleikum en þeir sem eru óviðráðanlegir. Það er talið vandasamt að vinna úr erfiðum atburðum sem við sjálf höfum valdið og einnig ef viðkomandi lendir í háska og sleppur meðan aðrir lenda í skaðanum þar sem ekki var unnt að forða þeim frá hættunni. Mikilvægt er að vanmeta ekki afleiðingarnar ef einstaklingur verður vitni að alvarlegum atburði.

Þegar talað er um streitu er einkum átt við þrjár tegundir. Streita getur verið bæði gagnleg og skaðleg fyrir okkur allt eftir því hvernig við stýrum henni í lífi okkar. Hæfileg, dagleg streita getur verið gagnleg, hún er aflið sem hefur áhrif á að við stöndum okkur í starfi og gerum okkar besta. Uppsöfnuð streita er skaðleg heilsunni, bæði andlega og líkamlega, sérstaklega ef hún fær að taka völdin í langan tíma. Áfallastreita getur gert vart við sig hjá einstaklingum ef þeir hafa ekki náð að vinna úr erfiðri reynslu. Ef okkur tekst að vera vakandi yfir álagi sem hvílir á okkur dags daglega og forðumst að lenda í aðstæðum sem hafa eyðileggjandi áhrif á okkur erum við að vinna fyrirbyggjandi starf og rækta geðheilsuna til frambúðar.

Hvernig getum við þá verndað geðheilsu okkar, hvaða forvörnum er best að beita til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi þættir náí að skaða geðheilsu okkar? Ef við hugum að þeim þáttum sem gera okkur andlega sterk og betur undirbúin ef við þurfum einhvern tíma á lífsleiðinni að standa andspænis eða upplifa alvarlega atburði erum við líklegri til að sleppa við áföll í kjölfar atburðarins. Það er ekki atburðurinn sjálfur sem er áfall heldur tölum við um að afleiðingarnar í kjölfar hans geti valdið áfalli.

Við ættum að forðast óhóflega streitu, því hún getur valdið heilsutjóni. Nægur svefn er mikilvægur öllum, hvort sem þeir eru undir miklu álagi eða ekki, svefn er ein af frumþörfunum. Það ætti alltaf að grípa til jákvæðra hugsana ef okkur finnst umræðan eða eigin hugrenningar vera farnar að valda okkur óþægindum, depurð eða reiði. Þeir sem byrja strax á að æfa sig í að skipta út neikvæðum hugsunum fyrir jákvæðar komast fljótt upp á lagið með það. Hreyfing er ekki aðeins fyrir þá sem vilja léttast, hún er alltaf mikilvæg fyrir geðheilsuna og léttir lundina. Við ættum alltaf að vera á verði og fylgjast með okkur sjálfum og þeim sem nálægt okkur standa ef einhver hefur upplifað erfiðar aðstæður eða atburð. Einkenni koma kannski ekki strax í ljós því fyrstu viðbrögð eru oftast eðlileg og mismunandi eftir því hver á í hlut. Þá er gott að vera vel að sér í að þekkja eðlileg og óeðlileg viðbrögð við alvarlegum atburðum.

Fyrir fáeinum árum var orðið áfallahjálpar framandi í hugum okkar, það heyrðist varla notað nema af sérfræðingum í þröngum hópi. Nú hættir fólki til að ofnota þetta orð og grípa til þess þegar það á ekki við. Fólki er veitt áfallahjálpar af fagaðilum þegar venjuleg bjargráð sem sótt eru til ættingja og vina duga ekki. Við ættum t.d. ekki að tala um áfallahjálpar þegar um er að ræða veikindi, gjaldþrot, dauðsföll, skilnað eða uppsögn í starfi. Aðstoð hinna nánustu við fólk í slíkum þröngingum getur fyrirbyggt langvinnan vanda. Við tölum þá um að aðstoða fólk við að finna leiðir til sjálfs- hjálpar.

Rauði krossinn hefur á síðustu árum vakið athygli á málefnum sem snúa að geðheilsu og mikilvægi þess að veita mannlegan stuðning þegar á reynir. Félagið hefur um árabil verið málsvári fólks með geðsjúkdóma og aðstandanda þeirra. Félagið heldur námskeið í sálrænni skyndihjálpi og hefur á sínum snærum fjölda leiðbeinenda sem eru í stakk búnir til að kenna. Deildir Rauða krossins víða á landinu bjóða um þessar mundir upp á ókeypis námskeið fyrir almenning í sálrænum stuðningi.

Bryndís er svæðisfulltrúi RKÍ á Vestfjörðum



Unnur Valgerður Ingólfssdóttir
Kappadeild

Hið gullna jafnvægi

Ein forsenda þess að halda jafnvægi milli atvinnu, heimilislífs og þess að vera einstaklingur tel ég vera lífsgleðina. Ég ætla að nota þessa stund til að velta henni fyrir mér og styðjast í því sambandi við grein Vilhjálmssonar heimspekings sem ber yfirskriftina *Lífsgleði njóttu* og birtist í tímaritinu Heilbrigðismál (2.tbl.) árið 1995. Þar kemur fram að Aristóteles taldi að við þyrftum við að feta hinn gullna meðalveg og að menn skemmi



fyrir sér með öfgum. Heilsuna megi skaða bæði með of mikilli og of lítilli þjálfun, dyggðug breytni felst alltaf í því að rata meðalhófið milli tveggja öfga, sem báðar eru lestir. Hugrekið meðalhóf sé að finna á milli ragmennsku og fífldirfsku, og gjafmildin meðalhóf á milli nísku og eyðslusemi. Ánægja eigi ekki að vera markmið manna, heldur komi hún sem eðlilegur fylgifyrskur allra góðra verka og fullkomni þau.

Epíkúr hélt því hins vegar fram að ánægjan væri hin æðstu gæði og að mannum væri eðlilegt að sækjast eftir henni. En til þess að hafa raunverulega ánægju af lífinu þyrftu menn að þroska dómgreind sína. Hið góða líf felst að hans mati í hófsamlegri og heilsusamlegri svölun langana og ræktun skynseminnar, það sé best gert með því að koma sér þannig fyrir að geta lokað sig af frá skarkala heimsins og njóta líkamlegra og andlegra nautna í góðra vina hópi.

Epíkúr greindi á milli náttúrulegra langana og tilbúinna langana. Náttúrulegum löngunum er nauðsynlegt að fullnægja til þess að halda líkamlegri heilsu og andlegu jafnvægi. Þótt Epíkúr áltí að andlegar nautnir séu bæði hreinni og varanlegri en líkamlegar, þá taldi hann góða meltingu og maganautn undirrót allrar vellíðunar. Dæmi um tilbúnað langanir eru eftirsókn eftir auði og frægð, ásamt skemmtanafíkn og valdagræðgi. Slíkar langanir geta að hans mati skaðað heilsu manna og raska sálarró þeirra. Til að ná þeirri ró skyldu menn keppa að því að hafa sem færstar langanir og þannig gætu þeir forðast þann sársauka er fylgir ófullnægðum löngunum. Það væri því vænlegast að einbeita sér að sínum innri manni og reiða sig ekki á veraldar-gengið.

Epiktet telur að lykillinn að listinni að lifa sé sá að kunna að greina á milli þess sem er undir okkur komið og hins sem er ekki á okkar valdi. Menn þurfi að átta sig á því að allir ytri atburðir gerist af nauðsyn og þeir ráði engu nema viðbrögðum sínum við þeim. Við þurfum því öðru fremur að temja okkur æðruleysi og hugarró til þess að sætta okkur við það sem að höndum ber. Allar okkar skapraunir stafa af því að við reynum að stjórna því sem við ráðum ekki við, og með því að eyða orkunni í hið óviðráðanlega missum við stjórn á því eina sem við höfum vald á, en það er okkar eigin líðan og sálarró. Ein alþekkt leið að þessu markmiði er að venja sig á að líta á björtu hliðarnar fremur en að dvelja við áhyggjuefnin.

Unnur V. Ingólfssdóttir

Fróðleikskorn

Delta Kappa Gamma starfar 16 löndum.

Kanada
Costa Rica
El Salvador
Finnlandi
Þýskalandi
Bretlandi
Guatemala
Íslandi
Mexico
Hollandi
Noregi
Puerto Roco
Svíþjóð
Bandaríkjunum
Danmörku
Eistlandi

Alls eru um 115 000 konur í samtökunum.

Á Íslandi eru um 270 konur starfandi í samtökunum.



Guðný Helgadóttir:

Alþjóðþing Delta Kappa Gamma Chicago, 22.-26. júlí 2008

Regnvotan júlímorgun lögðu fimm Delta Kappa Gamma konur af stað til Chicago, en daginn áður höfðu þrjár lagt í hann. Ferðinni var heitið á alþjóðþing samtakanna sem haldið var á glæsilegu hóteli nærri flugvelli í Chicago dagana 22.-26. júlí.



Í hópnum voru: Anna Þóra Baldursdóttir, Betadeild, Anh Dao Tran, Guðný Helgadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, og Sigríður Jónsdóttir úr Gammadeild, og Sigrún Klara Hannesdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir úr Alfadeild.

Yfirskrift þingsins var:

Leading with Wisdom and Passion

Alls tóku þátt í þinginu hátt í 1800 DKG-félagar þar af nærri 50 frá Evrópu. Alls eru um 115.000 konur í samtökunum. Við getum verið stoltar af íslensku þátttökunni. Delta Kappa Gamma er starfandi í 16 löndum, en tvö lönd hafa bæst við frá síðasta alþjóðþingi fyrir tveimur árum: Danmörk og Eistland.

Þingið starfaði í þremur meginhlutum fyrir alla þátttakendur: Fyrirlestrum, kynningum á konum tilnefndum til “Woman of Wisdom and Passion” og kynningum á störfum alþjóðanefnda, námsstefnum og allsherjarþingi.

Að auki héldu hinar ýmsu alþjóðanefndir fundi og fulltrúar á hverju svæði héldu morgunverðarfund og aðalfund svæðisins (Forum).

Þingsetning

Alþjóðþingið var sett að kvöldi þriðjudagsins 22. júlí af alþjóðaforsetanum Barböru Day, en síðan gekk hver landssambandsforseti inn með sinn þjóðfána undir stuttri kynningu á viðkomandi landi og DKG-starfi þar. Þetta var hátíðleg stund sem gefur þinginu viðeigandi alþjóðlegt yfirbragð. Anna Þóra Baldursdóttir bar íslenska fánann klædd íslenskum upphlut. Í lokin var fáni samtakanna borinn inn. Nýju aðildarlöndin tvö Danmörk og Eistland voru kynnt sérstaklega af útbreiðslunefndinni. Að lokinni þingsetningu buðu Illinois-deildirnar þingkonur velkomnar með Illinoisdagskrá fullri af fjörugri tónlist sem kom fiðringi í skrokkinn á mörgum svo að brátt iðaði salurinn í dansandi konum.

Fyrirlestrar og kona visku og ástríðu

Á alþjóðþingum er dagurinn tekinn nokkuð snemma og næsta morgun hófst fyrsta fyrirlestradagskráin. Dr. Bena Kallick, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, fjallaði um “Habits of Mind: For Learning and For Life”. Hún skilgreindi 16 mismunandi venjur og hvernig þær geta stuðlað að eða staðið í vegi fyrir að við lærum og þroskumst. Á eftir fyrirlestrinum var fyrsta kynningin á tilnefndri konu til “Woman of Wisdom and Passion”. Hverju svæði var falið að kynna eina konu undir þessari yfirskrift. Öll landssamböndin í Evrópu stungu upp á einni konu og síðan var kosið um eina þeirra. Landssambandið á Íslandi tilnefndi frú Vigdís Finnbogadóttur og varð hún fyrir valinu, okkur til mikillar ánægju. Vefstjórinn okkar, Eygló Björnsdóttir, útbjóst stutta myndaseríu sem sýndi Vigdís við margvísleg verkefni og Anna Þóra flutti kynningu á forsetatíð Vigdísar, menntun hennar og störfum. Góður rómur var gerður að kynningunni. Greint var frá tveimur nýjum námskeiðum sem þróuð hafa verið fyrir netið: *Leadership tools on the net* (20 \$) og *Leaders Learning Suite* (49.95 \$ á þátttakanda).

Hliðstæð dagskrá var haldin dag hvern með áhugaverðum fyrirlestri, kynningu á konu visku og ástríðu og kynningu á störfum nefndanna. Gillian Sorensen, fyrrverandi yfirmaður hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði m.a. frá ungmennþingi Sameinuðu þjóðanna og June St. Clair Atkinson, fræðslustjóri í Norður-Karólínu, greindi frá margsvíslegum notum af tækninýjungum í námi og kennslu. Of langt mál er að greina frá þessum fyrirlestrum í smáatriðum hér.

Vakin er athygli á stjórnunarnámskeiðunum sem *Golden Gift Fund* stendur fyrir. Nýtt þriggja daga námskeið í leiðtogaaðferðum verður í boði *Leadership and Innovation in Action*. Það verður haldið í höfuðstöðvunum í Austin í Texas og komast 30 konur að hverju sinni. Einnig er vakin athygli á ýmsu nýju á heimasíðu DKG-samtakanna.

Námstefnur

Mikill fjöldi málstofa, hátt í 80, var í boði í þremur námstefnum. Hver námstefna fjallaði um meginþema. Sú fyrsta bar yfirskriftina: *Professional Development*. Önnur: *The Arts, Cultural Enrichment and Lifelong Learning*. Sú síðasta: *DKG at Work*. Fjórar íslensku kvenna stóðu fyrir málstofum. Anh-Dao Tran fjallaði um þætti sem hafa áhrif á árangur ungmenna af erlendum uppruna. Anna Þóra Baldursdóttir gerði kulnun og faglegt sjálfstraust í starfi kennara að umtalsefni. Sigríður Jónsdóttir, eina íslenska konan sem átti sæti í alþjóðanefnd á síðasta tvíæri, fjallaði ásamt nefndinni sinni (International Personal Growth and Services Committee) um símenntun án aldursmarka undir yfirskriftinni *Petta er ÞITT líf*. Sigrún Klara Hannesdóttir fjallaði um hlutverk frjálsra félagasamtaka í lýðræðissamfélögum og varpaði fram spurningunni hvort Delta Kappa Gamma gæti verið alþjóðleg rödd. Góð þátttaka var í öllum málstofunum og líflegar umræður sköpuðust.

Allsherjarþing

Á allsherjarþingi, sem skiptist í nokkrar fundalotur, lögðu m.a. alþjóðanefndir fram skýrslur sínar, kona visku og ástríðu var kynnt, fyrirlestrar haldnir, fjallað um reikninga samtakanna og kosin alþjóðastjórn. Einnig voru ýmis tónlistaratriði í flutningi DKG kvenna.

Í dagskrá ráðstefnunnar er að finna skýrslur allra nefnda, en á sjálfu þinginu kynntu nefndirnar starf sitt á margbreytilegan hátt, oftast með virkri þátttöku allra nefndarkvenna. Mikillar hugmyndaauðgi gætti í kynningunum.

Nokkrar tillögur voru gerðar um breytingar á alþjóðalögum samtakanna eða alls 23 tillögur sem komu frá einstökum félögum eða alþjóðanefndum samtakanna. Við hverja kom fram hvort alþjóðastjórn samtakanna mælti með að viðkomandi tillaga yrði samþykkt eða ekki. Í öllum tilvikum fór svo að þær tillögur, sem ekki höfðu hlotið stuðning alþjóðastjórnarinnar, voru felldar. Greidd voru atkvæði með hverri tillögu, en þó fór svo að lokum að greitt var atkvæði sameiginlega um hóp nokkurra tillagna. Þetta helgaðist m.a. af því að talsverð umræða varð um tillögu fjárhagsnefndar um að tvöfalda aðildargjaldið þ.e. hækka það úr 20 dollurum í 40 dollara.

Margar mæltu gegn þessari hækkun og töldu að erfitt efnahagsástand leyfi ekki slíka hækkun og mundi fæla konur frá. Aðrar voru eindregið fylgjandi hækkuninni til að geta rekið samtökin og töldu að 20 dollara hækkun ætti ekki að vera konum ofviða. Meginrök fjárhagsnefndarinnar var að kostnaður við rekstur, þrátt fyrir aðhald, hefur aukist, en aðildargjaldið hefur staðið lengi í stað. Taldi nefndin að farsælla hefði verið að hækka gjaldið í áföngum á undanförunum árum, en því miður hefði það ekki verið gert. Tvær gæntillögur voru lagðar fram: a) óbreytt og b) hækka um 10 dollara. Báðar voru felldar og fór því að lokum að 20 dollara hækkun var samþykkt.

Eftirfarandi er meginskipting fjárhagsáætlunarinnar sem í heild er hvort starfsár, 20-08-2009 og 2009-2010, upp á um 4 milljónir dollara:

Útgáfur	19%
Rekstur skrifstofu	13%
Launakostnaður	31%
Launatengd gjöld	12%
Almannatengsl	1%
Nefndir	4%
Alþjóðáþing og svæðaráðstefnur	8%
Leiðtogar samtakanna	7%
Efniskostnaður samtakanna	4%
Félagahjónusta	1%

Sjófn Sigurbjörnsdóttir tók til máls um fjárhagsáætlunina og kom með ábendingu um að *Bulletin* og *News* mætti senda eingöngu rafrænt til að spara. Íslenski hópurinn skiptist nokkuð í afstöðu sinni til hækkunarinnar. Nokkrar studdu tillöguna um 10 dollara hækkun, en aðrar studdu 20 dollara hækkun. Undirrituð telur ekki að um ó-yfirsíganlega hækkun sé að ræða og má til samanburðar geta þess að morgunverður á hótelinu kostaði 16 dollara og 20 dollarar eru bara brot af því sem kostar að fylla bensíntankinn á bíl einu sinni.

Evrópufundur

Einn dagur á alþjóðáþinginu er að hluta til helgaður svæðunum. Fulltrúar frá hverju svæði snæða morgunverð saman, en undir borðum er tveggja tíma dagskrá. Landsambandsforseti hvers lands er kynntur af einni félagskonu og síðan greinir viðkomandi forseti frá því helsta sem unnið er að á vegum landssambandsins. Ingibjörg Einarsdóttir kynnti Önnu Þóru sem síðan flutti stutta frásögn. Íslensku DKG-systurnar sungu “Á Sprengisandi”. Áhugavert var að hlusta á kynningar landanna. Sigrún Klara flutti orð til umhugsunar þar sem hún varpaði fram spurningunni: “Can DKG have an impact in Europe?”. Hún lagði áherslu á að nauðsynleg forsenda þess væri að fleiri Evrópulönd tækju þátt, en ekki síst að félagskonum fjölgaði umtalsvert í núverandi löndum. Hún sagði að draumur hennar væri að Evrópulöndum fjölgaði um fjögur á næstu tveimur árum sem hún sæti í alþjóðastjórninni. Orð hennar vöktu konurnar greinilega til alvarlegrar umhugsunar og nú er bara að sjá hvort DKG-systrum fjölgar í Evrópulöndunum, en sums staðar hefur þeim hreinlega fækkað. Ísland stendur sig greinilega langbest ásamt Svíþjóð. Ýmsir gestir komu í heimsókn s.s. núverandi og fyrrverandi alþjóðaforsetar og ávörpuðu þær hópinn.

Evrópufulltrúum í alþjóðanefndum voru þökkuð störf þeirra og nýir fulltrúar boðnir velkomnir. Mikil ánægja er hjá Evrópukonunum með að fá Sigrúnu Klöru í alþjóðastjórnina sem 2. varaforseta.

Nýr Evrópuforseti tók við, Birgit Svensson frá Svíþjóð.

Þingslit og stjórnarskipti

Alþjóðþinginu lauk með miklum kvöldverði. Ungmennahljómsveit lék sígilda tónlist og alþjóðakór samtakanna flutti nokkur sönglög. Uppstillingarnefnd kynnti nýja alþjóðastjórn, en hana skipa:

Dr. Carolyn Rants, Iowa, alþjóðaforseti
Dr. Jensi Souders, Tennessee, 1. varaforseti
Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, Íslandi, 2. varaforseti

Auk þeirra sitja einnig í alþjóðastjórninni svæðaforsetar og svæðafulltrúar Kanada og Suður-Ameríku.

Fráfarandi alþjóðaforseti, dr. Barbara Day, stjórnaði alþjóðþinginu af miklu öryggi, festu og glæsibrag. Komandi alþjóðaforseti, dr. Carolyn Rants, gaf líka af sér mjög góðan þokka. Alþjóðasamtökunum mun án efa farnast vel undir hennar stjórn.



Lokaorð

Áhugavert var að upplifa alþjóðþingið sem var á allan hátt mjög vel skipulagt og stjórnað. Það má taka sér marga til fyrirmyndar af því sem þarna fór fram. Þá voru allir fyrirlesarar mjög færir. Fyrir þær félagskonur sem ekki hafa upplifað alþjóðlegt þing með hátt í tvöþúsund þátttakendum er slíkt bara í sjálfu sér reynsla. Undirrituð er ekki óvön slíku eftir að hafa tekið þátt í mörgum aðalráðstefnum UNESCO, en hérna voru bara konur og það eitt og sér var ný reynsla. En upp úr stendur hjá mér hversu fagmannlega og vel þinginu var stjórnað.

Næsta alþjóðþing verður í Spokane, Washingtonríki, 20.-24. júlí 2010, en Evrópuþingið verður í Osló 5.-8. ágúst 2009. Gaman væri að íslensku DKG-systur fjölmenntu á bæði þingin.

Guðný Helgadóttir
Gammadeild

Formenn deilda Delta Kappa Gamma á Íslandi

Alfadeild: Erna Árnadóttir	netfang: erna.arandottir@mrn.stjr.is
Betadeild: Eygló Björnsdóttir	netfang: eyglob@unak.is
Gammadeild: Björg Eiríksdóttir	netfang: bjorgeiriks@simnet.is
Deltadeild: Ingibjörg A. Konráðsdóttir	netfang: iak@gbf.is
Epsilondeild: Vera Valgarðsdóttir	netfang: vera@fsu.is
Zetadeild: Jarþrúður Ólafsdóttir	netfang: jarth@skolaust.is
Etadeild: Brynhildur A. Ragnarsdóttir	netfang: bar@hi.is
Jótadeild: Edda B. Kristmundsdóttir	netfang: edda@isafjordur.is
Kappadeild: Marsibil Ólafsdóttir	netfang: marsibil@hvaleyarskoli.is
Þetadeild: Valgerður Guðmundsdóttir	
netfang: valgerdur.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is	

Eygló Björnsdóttir er vefstjóri Delta Kappa Gamma.



Þóra Kristinsdóttir Landsambandsritari segir frá vorþingi

Vorþingið var haldið í menntaskólanum í Kópavogi laugardaginn 17. maí 2008.
Efni vorþingsins var: *Heimurinn er heima – íslensk fjölmennning í leik og starfi*

Tæplega 60 þátttakendur sóttu þingið. Anna Þóra Baldursdóttir, landssambandsforseti, bauð gesti velkomna og setti þingið og skipaði fundarstjóra og fundarritara. Þá söng Fjölmenningsarkór barna úr Austurbæjarskóla tvö lög undir stjórn Péturs Hafþórs Jónssons og síðan lásu tvö börn, sem hafa tileinkað sér íslensku, ljóð á íslensku, ásamt frumsömdu efni. Voru þetta ákaflega skemmtileg atriði og vel flutt.

Þrjú atriði voru á dagskrá fyrir hádegi. Fyrst var erindi *Huldu Karenar Daniëlsdóttur*, kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Hún fjallaði um **nám og kennslu barna og unglunga í fjölmenningslegu samfélagi** og lagði áherslu á að grunnskólar landsins komi á fót móttökufærli og framtíðarsýn ásamt tillögum.

Næst kynnti *Elsa Arnardóttir*, framkvæmdastjóri **Fjölmenningssetursins á Ísafirði** starfsemi stofnunarinnar sem hún veitir forstöðu. Hún gerði góða grein fyrir hlutverki setursins og þeim fjölmörgu verkefnum sem þar þarf að sinna

Seinasti dagskrárliður fyrir hádegishlé var **kynning á hlutverki innflytjendaráðs**. *Kristín Jónsdóttir*, fulltrúi menntamálaráðuneytis í innflytjendaráði fjallaði hér um hvort staða innflytjenda í íslensku samfélagi hafi batnað og kynnti áhugaverðar tölfræðilegar upplýsingar, m.a. um fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi og greindi einnig frá stefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjanda.

Að loknum fyrirlestrum gafst nokkur tími til fyrirspurna og umræðna.

Dagskrá eftir hádegi hófst með upplestri tveggja ungmenna af erlendum uppruna sem stóðu sig vel í Stóru upplestrarkeppninni.



Þrjú erindi voru nú á dagskrá. *Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólakennari og verkefnastjóri* tók fyrst til máls og nefndi erindi sitt: **Hvað þarf leikskólinn að hafa í huga í samstarfi og vinnu með foreldrum og börnum af erlendum uppruna?**

Fríða gegnir nú í nýrri stöðu hjá Reykjavíkurborg og sér um fræðslu og ráðgjöf fyrir leikskóla Reykjavíkur varðandi íslenskukennslu barna af erlendum uppruna og annað er varðar þennan hóp. Fríða kom víða við í erindi sínu. Hún lagði áherslu á að tilfinningaleg vellíðan í leikskólanum væri mjög mikilvæg fyrir öll börn, bæði íslensk og erlend. Mikilvægt væri að búa ekki til sérkennsluáætlaður við íslenskukennslu heldur kenna gegnum leikinn með hinum. Viðurkenning á móðurmáli og menningu barnsins skipti miklu máli og sömuleiðis samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna. Starfsmannahópurinn í leikskólanum skiptir öllu máli, kennararnir eru lykilmenn til að koma í veg fyrir félagslega einagrun.

Næst tók máls *Ásta Björg Sveinbjörnsdóttir*, kennari við Ármúlaskóla og sagði **frá íslenskubraut í Fjölbrautarskólanum í Ármúla fyrir nemendur af erlendum uppruna**. Hér er um að ræða áfanga í íslensku sem annað tungumál sem kenndur er aðra hverja önn. Skólinn tekur einnig á móti nemendum með kennurum úr grunnskólanum til að mynda brú milli skólastiga. Kennslustjóri nýbúa sér um öll praktísk mál en nokkrir umsjónarkennarar sinna ýmsum málum með nemendum. Nemendur eru frá ýmsum löndum. Aðferð Rassias er notuð til að örva talmál og hefur reynt vel. Mikið brottfall er meðal nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum. Ástæður geta verið ólíkur bakgrunnur nemenda, lítil tími til að sinna þeim og jafnvel





Seinasta fyrirlesturinn. **Tækifæri í fullorðinsfræðslu innflytjenda**, flutti *Hulda Ólafsdóttir*, framkvæmdarstjóri Mímis-Símenntunar og kom víða við. Fjöldgun erlendra ríkisborgara sem hér starfa hefur verið mikil á undanförunum árum vegna eftirspurnar á vinnuafl. Þriðjungur þeirra sem koma í Mími eru Pólverjar. Mörg íslenskunámskeið eru í gangi hjá Mími (92 á vorönn, 10-15 nemendur í hverju námskeiði). Einnig er boðið upp á Landnemaskólann sem er starfstengt, vottað nám. Vantar meiri hvatningu og stuðning frá atvinnurekendum sem eru sér ekki alltaf meðvitaðir um þann mannauð sem þeir hafa á vinnustaðnum.

Að lokum þakkaði Anna Þóra fyrirlesurum og öðrum er komu að undirbúningi vorþingsins og afhenti þeim öllum rós. Sýnd voru myndskreið um deildirnar á Íslandi sem útbúin voru að frumkvæði Evrópusamtakanna..

Í lokin voru bornar fram góðar veitingar. Heyra mátti á þátttakendum að þeir væru mjög ánægðir með þingið.

Þóra Kristinsdóttir landssambandsritari

Fundur framkvæmdaráðs DKG 2008

Fundur framkvæmdaráðs samtakanna er fundur stjórnar og formanna og fulltrúa deilda, sem haldinn er ár hvert. Fundurinn var að þessu sinni haldinn 30. ágúst sl. í Hafnarfirði. Fundurinn var ágætlega sóttur en hann sátu 23 félagkonur, formenn og aðrir fulltrúar stjórna allra deilda ásamt stjórn landssambandsins og Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, sem nýkjörin er 2. varaforseti alþjóðasamtakanna. Landssambandsforseti bauð nýja formenn og stjórnir velkomna til starfa og óskaði Sigrúnu Kjöru vel farnaðar í því nýja starfi sem hún hefur verið kjörin til. Sigrún Klara er fyrsta félagskonan í Evrópu til að taka sæti í stjórn alþjóðasamtakanna. Guðný Helgadóttir í Gammadeild flutti orð til umhugsunar og velti fyrir sér hvaða þýðingu það hefur fyrir félagskonu að sækja þing samtakanna, vorþing, landssambandsþing, Evrópuþing og alþjóðþing, en Guðný var ein þeirra sem sótti alþjóðþingið í Chicago í júlí sl. og lagði það þing til grundvallar í hugleiðingum sínum.

Landssambandsforseti fór yfir starfsáætlun stjórnar starfstímabilið 2007–2008 og greindi frá stöðu mála. Fráfarandi landssambandsforseti, Ingibjörg Einarsdóttir, og landssambandsforseti fóru yfir ýmis mál sem lúta að starfi formanna, deilda og stjórna þeirra, enda nú nýir formenn og stjórnir teknir til starfa í öllum deildum þar sem nýtt starfstímabil deilda hófst þann 1. júlí sl. Sú dagsetning markar formlegt upphaf nýs starfstímsabils bæði hjá deildum og landssambandsstjórn, á ártali með jöfnum tölum hjá deildum, en oddatölu hjá landssambandsstjórn. Meðal annars var fjallað um starfsáætlanir deilda, fundi, félagatal, skýrslur, handbókina og notkun hennar, útbreiðslu og inntöku nýrra félaga, námsstyrki og fleira. Þá gerði Guðbjörg Sveinsdóttir, gjaldkeri landssambandsins, grein fyrir nokkrum atriðum sem snúa að starfi gjaldkera og fjármálum deilda. Ágætar ábendingar komu fram hjá fundarmönnum, sem miðluðu af reynslu deildanna og skipst var á skoðunum um ýmsa þætti starfseminnar. Eftir hádegi fjallaði Sigrún Klara Hannesdóttir um samtökin hér heima á Íslandi, stöðu okkar og tengsl sem hluta af alþjóðasamtökunum og Evrópusamtökunum. Kom margt fróðlegt og gagnlegt fram í máli hennar og var það tilfinning mín að innlegg hennar opnaði fundarmönnum nýja sýn á samtökin.

Að lokum kynnti, Eygló Björnsdóttir, vefstjóri og nýr formaður í Betadeild, heimasíðuna og þá möguleika sem hún býður upp á. Jafnframt kynnti hún alþjóðasíðuna og ýmsa gagnlega tengla í þá síðu sem hún hefur sett inn á síðuna okkar, sem eru til þess fallnir að auðvelda, formönnum, stjórnnum og raunar félagskonum öllum, notkun síðunnar. Það er eitt af markmiðum landssambands-stjórnarinnar að efla heimasíðuna þannig að hún verði smásaman virkt samskiptatæki, en eins og félagkonum er kunnugt var heimasíðan formlega tekin í notkun á 30 ára afmælisþingi samtakanna í Reykholti í maí 2007.

Það er von landssambandsstjórnar að fundurinn hafi verið gagnlegur fyrir nýja formenn stjórnir, sem nú eru sem óðast að undirbúa starfstímabilið sem framundan er.

Anna Þóra Baldursdóttir
forseti landssambands DKG.

Heimasíðan okkar er : <http://dkg.muna.is> <<http://dkg.muna.is/>>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://deltakappagamma.net> <<http://deltakappagamma.net/>>

Fróðleikskorn

Deildir Delta Kappa Gamma vinna fjölbreytt verkefni Af viðfangsefnum sem deildir hafa unnið að má m.a. nefna:

- Útgáfu bókar, bæklinga og veggspjalda.
- Blaðaskrif um menntamál og menningarmál.
- Fræðsluerindi um það sem er efst á baugi í fræðslu- og menningarmálum og/eða tengt verkefnum deilda.
- Skoðun og umfjöllun um frumvörp til laga og áhersla lögð á að hafa áhrif á löggjöf.
- Skoðun og umfjöllun um nýjar námskrá hverju sinni og önnur skólamál.
- Unnið að gagnkvæmum kynnum milli skólastiga og fræðslustofnana.
- Heimsóknir á ýmsar stofnanir og á menningarviðburði.
- Bókmenntaumræða.
- Land- og náttúruskoðun.



Fréttir af starfi deilda

Fundaáætlun Jótadeildar

4. október. Fundur haldinn hjá Stellu úr Gammadeild, í Heydal í Mjóafirði. Haustfundur haldinn í yndislegu veðri hjá Stellu sem tók vel á móti Jótakonum, fundar efnið var starfið í DKG.

27. október. Fjölmenningarsetrið heimsótt þar sem Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri og Jótakona kynnti starfsemina og var fundurinn haldinn þar.

24. nóvember. Jólafundur í Faktorshúsi, heimili Jónu Símoníu Bjarnadóttur. Martha Lilja Olsen kennslustjóri hjá Háskólasetri Vestfjarða kynnrir námsframboð við Háskólasetrið sem er í örrí þróun.

26. janúar. Bókafundur í heimahúsi.

Á fundunum í febrúar og mars verður skoðuð hin nýja menntastefna og ný lög um skólastigin og menntun kennara.

Kveðja
Edda Björg Kristmundsdóttir



Jótakonur í gönguferð í Heydal

Fréttir af starfi deilda

Fyrsti fundur Epsilondeildar var haldinn þann 9. október að Flúðum. Þar leiddi Guðmundur Magnússon okkur í allan sannleika um námskeið sem hann hefur haldið fyrir grunnskólanemendur og nefnist „Tálgað í tré“. Þarna fengum við að spreyta okkur á tálguninni og sýndu margar okkar frábæra takta. Síðan var farið að hótél Flúðum og hefðbundinn fundur haldinn. Að sjálfsögðu voru „Orð til umhugsunar“ á sínum stað.

Annars lítur dagskrá vetrarins svona út:

9. okt. Flúðir: Tálgað í tré

29. nóv.. Selfoss: Tónlist - *Kynning á Tónsmiðju Stefáns Þorleifssonar ásamt þeirri tónlistarkennslu sem hann hefur sinnt í grunnskólum á Selfossi og í FSu. Á fundinum mun Stefán mun æfa með okkur eitt stykk margradda kórverk. .*

31. jan. Stokkseyri: Bókafundur: *Jólabækurnar og fleiri bækur*

25. mars Hveragerði: Lýðheilsa: *Sigfríður* eða hún *Sísí segir okkur frá mastersverkefninu sínu í lýðheilsufræðum.*

30. maí Laugarvatn: Enn óljóst en mun sennilega tengjast íþróttakennslu.

Svo má ekki gleyma því að 29. apríl n.k. verður deildin okkar 20 ára. Þá er ætlunin að gera sér glaðan dag saman.

Kveðja

Vera Ósk Valgarðsdóttir, formaður Epsilondeildar



Fréttir af starfi deilda

Starfsáætlun Þetadeildar

Ný stjórn hóf störf í haust og ákveðið var að þema ársins yrði menning og listir á Suðurnesjum með sérstakri áherslu á birtingu þessara greina í skólakerfinu. Sú ákvörðun var að vísu tekin áður en peningamarkaðurinn sprakk endanlega í haust en segja má að með þessari ákvörðun beinist athygli deildarinnar að því sem máli skiptir þegar upp er staðið, því sem bætir og kætir okkar innri mann. Það er engin gengisáhætta í sjóðum menningarinnar og ólíkt mörgum öðrum sjóðum þá styrkist t.d. sögu-sjóðurinn eftir því sem meira úr honum er tekið. Í sjóðum menningarinnar er það áhugi og þekking sem eykur innistæðuna og mikil tilhlökkun hjá okkur Þetakonum til vetrarstarfsins.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Listasafni Reykjansbæjar 6. október og erindi kvöldins hélt Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður. Hún leiddi Þetakonur um sýningu sína og lagði m.a. áherslu á að nauðsynlegt væri að auka kennslu í sjónlistum á öllum skólastigum. Árið 2008 er afmælisár hjá Þetadeild því 26. nóvember n.k. eru 10 ár liðin frá því að deildin var stofnuð. Haldinn verður afmælisfundur þar sem tónlistin verður í forgrunni og einnig verður nýr vefur deildarinnar opnaður formlega við þetta tækifæri. Janúarfundurinn hefur í mörg ár verið tileinkaður bókmenntum hjá okkur og verður það einnig svo í þetta sinn en fundurinn verður haldinn 13. janúar. Saga Suðurnesja verður fundarefni 4. fundar vetrarins sem haldinn verður í sýningarsal Byggðasafns Reykjanesbæjar 18. mars og 16. apríl fáum við gest frá Konunglega sænska balletskólanum sem ætlar fræða okkur um balletinn, nám og starf. Síðasti fundur ársins verður haldinn í maí og þá förum við í leikhús.

Við í Þetadeild erum jákvæðar fyrir heimsóknum og ef vetrardagskráin vekur áhuga einhverra, deilda eða einstaklinga, þá hafið endilega samband og boðið komu ykkar.

Bestu kveðjur
Valgerður Guðmundsdóttir



Fréttir af starfi deilda

Starfið í Zetadeild hófst með stjórnarfundum nýrrar stjórnar þar sem settar voru fram hugmyndir að fundarskipulagi vetrarins og dagskrá fundanna fyrir áramót. Ákveðið var að hafa fjóra deildarfundum á haustönn og þrjá á vorönn. Einnig að dreifa fundunum réttlátlega á þá staði þar sem félagar búa. Markmið okkar í vetur er fyrst og fremst að efla tengsl félagskvenna, sækja okkur þekkingu í þann mannauð sem í deildinni býr og skoða menninguna í okkar nánasta umhverfi.

Nú þegar höfum við haldið þrjá fundum. Allir fundirnir hafa að forminu til verið svipaðir. Við setjum fundina með því að kveikja á kertunum þremur táknum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og höfum nafnakall. Þá höfum við orð til umhugsunar og því næst félagsmál. Að lokum aðalefni fundarins sem er að sjálfsögðu breytilegt, oft erindi en einnig óhefðbundnar upptökur, heimsóknir á söfn, gönguferðir og ýmislegt sem okkur dettur í hug. Í lok fundar er slökkt á kertunum og forseti segir fáein orð.

Fyrsti fundur deildarinnar var haldinn á Gistiheimilinu á Egilsstöðum 1. september. Í upphafi fundar lék Gabríella Sif Atladóttir, 15 ára nemandi í Tónlistarskóla Fella-bæjar Menuett eftir Beethoven á þverflautu. Björg Þorvaldsdóttir sérkennari í Nes-skóla flutti orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði um lífssögu sína en hún er fædd og uppalin á Vestfjörðum. Aðalefni fundarins hafði húsráðandi á Gistiheimilinu með höndum, Hulda Daníelsdóttir sagði sögu hússins og frá fyrri eigendum og staðarhöldurum þar. Gistiheimilið á Egilsstöðum sem segja má að rekið hafi verið sem gistihús frá árinu 1884, er ákaflega fallett gamalt hús sem þau Gunnlaugur Jónasson og Hulda Daníelsdóttir hafa gert upp á síðustu árum. Á fundinum voru einnig tekin til umræðu ýmis félagsmál svo sem fjölgun félaga, fjármál og aðild deildarinnar að næsta vorþingi landssamtakanna sem nú hefur verið ákveðið að halda á Hallormsstað helgina 16. – 17. maí 2009.

Annar fundur okkar var síðan haldinn 22. September á Kaffi Margrét á Breiðdalsvík. Anna Margrét Birgisdóttir flutti okkur orð til umhugsunar en hún fjallaði um bók sem hún hafði nýlega lesið, Glerkastalann eftir Jeanette Walls. Bókin fjallar um endurminningar höfundar sem bjó hjá afar sérstæðum foreldrum sínum í dreifbýli Bandaríkjanna en fjölskyldan var á sífelldum flutningi milli staða.

Anna María sagði okkur frá sögu stúlkunnar en líf hennar einkenndist af fátækt og vanrækslu foreldranna. Aðalefni fundarins var heimsókn á nýja jarðfræðisetrið á Breiðdalsvík og í Grunnskólann.

Starfsmaður á hreppsskrifstofu Breiðdalshrepps opnaði fyrir okkur jarðfræðisetrið en safnið byggir á gögnum breska jarðfræðiprófessorsins George Leonard Patrick Walker sem starfaði á Austurlandi 1954 – 1965 og kortlagði stóran hluta austfirskra jarðlaga. Á safninu sjá má margt fróðlegt um jarðlög og eldsumbrot á Austurlandi á jarðsögulegum tíma. Safnið er í gamla Kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík og þar er verið að vinna að því að setja upp sýningu á sögu hússins sjálfs á efri hæð þess. Á fundinn mættu fjórir gestir sem við höfum boðið að ganga í deildina. Einn gestur fundarins Guðlaug Árnadóttir afhenti safninu gjöf sem tengist sögu hússins, silfur-tóbaksbækur sem fyrrum kaupfélagsstjóri átti en faðir hennar sem nú er látinn lét hann eftir sig og einnig afhenti hún mynd frá þeim tíma er hann bjó í húsinu. Anna Margrét Birgisdóttir grunnskólakennari og bókasafnsvörður á Breiðdalsvík og félagskona í deildinni okkar leiddi okkur um grunnskólann og sagði okkur sögu hans.

Þriðji fundur deildarinnar var sameiginlegur fundur með Betadeild á Hótel Seli í Mývatnssveit 4. október. Það er skemmst frá því að segja að sá fundur var mjög skemmtilegur en því miður vorum við aðeins fimm félagar frá Zetadeild á fundinum. Morguninn sem fundurinn var haldinn leit ekkert sérstaklega vel út með færð og veður og við tókum okkur góða stund í að ákveða hvort við leggðum í hann yfir fjallveg og norður í land.

Eftir nokkur símtöl og veðurathuganir ákváðum við þó þessar hugrökkustu, að skella okkur af stað og snúa þá frekar við ef við kæmumst í ógöngur. Ekki kom til þess og Halldóra Baldursdóttir bílstjórinn okkar ók varlega í hálfu og skafrenningi og kom okkur öllum óhultum í Mývatnssveitina þar sem við áttum einkar skemmtilega samveru með norðankonum úr Betadeild. Við funduðum á Hótel Seli þar sem Eygló Björnsdóttir forseti Betadeildar setti fundinn en Anna Þóra Baldursdóttir forseti landssamtakanna flutti orð til umhugsunar. Hún sagði frá starfi landssamtakanna og alþjóðasamtakanna. Farið var í leiki til að hrista konur í deildunum saman og gengið saman í dásamlegu umhverfi nálægt Hótel Seli. Að lokum var síðan ekið að Fuglasafninu og það skoðað. Þar var tekið ákaflega vel á móti okkur og eftir að hafa skoðað þetta merkilega og fallega safn settumst við niður á kaffihúsi safnsins og spjölluðum saman áður en haldið var heimleiðis.

Á leiðinni heim komum við þó við í Jarðböðunum þar sem við áttum notalega spjallstund með nokkrum konum úr Betadeild sem voru einnig á heimleið en til Húsavíkur. Viljum við nota tækifærið hér og senda konum í Betadeild sérstakar kveðjur og þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir og er vonandi á engan hallað þó Eygló Björnsdóttur forseta Betadeildar sé sérstaklega þakkað fyrir skipulagningu og umgjörð fundarins.

Fjórði fundurinn á haustönn er svo fyrirhugaður 8. desember á Reyðarfirði, en þá vonumst við til að Anna Þóra Baldursdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir heimsæki okkur. Á þeim fundi er fyrirhuguð innganga fjögurra nýrra félaga. Þar sem jólin eru farin að nálgast um þetta leyti höfum við hugsað okkur að þessi fundur snúist að nokkru leyti um jólabækur, bókaspjall og bókaslúður.

Ætlunin er að halda fundina tvo á vorönn í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Við munum halda áfram þeirri stefnu að skoða söfn á stöðunum og á síðasta fundinum í vor hyggjum við einnig á útivist í fögru umhverfi.

Við erum fullar bjartsýni og hlökkum mikið til að takast á við það stóra verkefni að halda landsþing samtakanna í vor. Við vonum sannarlega að Hallormsstaðaskógur sem umgjörð og umhverfi þingsins verði konum í öllum deildum á landinu hvatning til að koma austur og eiga með okkur ánægjulegar samverustundir.

Von stjórnarinnar er að með starfi deildarinnar okkar takist okkur að ná samhug og samheldni kvenna í menntageiranum hér á Austurlandi og með því styrkja hver aðra til góðra faglegra verka.

Landssambandsþing DKG 2009

Stjórn landssambandsins hefur ákveðið, í samráði við Zeta-deild á Austfjörðum, að landssambandsþing 2009 verði haldið á **Hallormsstað** dagana **16. og 17. maí** næstkomandi. Hægt verður að fá gistirými frá og með föstudeginum fyrir þær félagskonur sem þess óska. Þema þingsins verður **Nýi kennarinn**.

Nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Fréttir af starfi deilda

Vetrarstarf Betadeildar hófst þann 16. september með fyrsta fundinum á þessu starfsári.

Meðal efnis þessa fundar var liðurinn „*Kynning á þróunarstarfi í leikskóla*“. Anna R. Árnadóttir skólastjóri leikskólans Króabóls mætti á fundinn og sagði frá þróunarverkefni sem skólinn vann að og fékk viðurkenningu fyrir 1. júní 2007, en viðurkenningin veitir þeim rétt til að kalla sig *heilsuleikskóli*. Í leikskólanum er starfað eftir viðmiðum heilsustefnunnar þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barna og starfsfólks með áherslu á hreyfingu og holla næringu ásamt listsköpun í leik og starfi. Nánar má lesa um heilsustefnuna og verkefnið á vef Króabóls (<http://www.krogabol.akureyri.is>).

Nýútskrifaði kennarinn. Hvernig getum við stutt hann í starfi? átti að vera viðfangsefnið á októberfundinum. María Steingrimsdóttir sem rannsakað hefur kennara á fyrsta starfsári ætlaði að stjórna þeirri vinnu. Því miður vorum við svo óheppnar að María veiktist sama dag og var því vinnu með þennan lið frestað þar til síðar. Þess má geta að þemað á landsambandsþinginu verður „Nýi kennarinn“.

Jólafundurinn okkar verður á sínum stað 3. desember. Ætlunin er að fá konu af erlendum uppruna til að segja okkur frá jóla- eða trúarsíðum í sínu landi. Slík umfjöllun hefur verið á dagskrá jólafunda nokkur undanfarin ár og mælst vel fyrir. Bókafundurinn þar sem konur segja frá bókum sem þær hafa lesið fyrir og um jólahátíðina verður í janúar og í mars er ætlunin að hafa leshring um valdar bækur. Á dagskránni eftir áramót er einnig ætlunin að fá utanaðkomandi aðila til að vera með kennslu í framsögn og einnig mun iðjuþjálfari heimsækja okkur og segja frá starfi sínu í grunnskólum. Lokafundurinn verður svo haldinn í endaðan maí eða byrjun júní með glensi og gamni og dýrlegum krásum að hætti Beta-systra.

Að endingu læt ég fylgja hér með frásögn af sameiginlegum fundi Beta- og Zetadeildar sem haldinn var í Mývatnssveit laugardaginn 4. október síðastliðinn.

Sameiginlegur fundur Beta- og Zetadeildar í Mývatnssveit:

Laugardaginn 4. október lögðu Betasystur „land undir fót“ í rútu áleiðis í Mývatnssveit. Tilgangur ferðarinnar var að halda fund með Zetadeild á Austurlandi í Selhóteli í Mývatnssveit. Í fyrrihaust var ætlunin að halda slíkan fund en þá brast hann á með stórhrið þannig að fresta varð fundinum. Var því ekki laust við að aðeins færi um okkur föstudagskvöldið þann 3. okt. Þegar byrjaði að blása af norðri og snjóa. Héldum við að enn á ný yrði ef til vill að fresta þessum sameiginlega fundi. Sem betur fer hafði þó létt til þegar við vöknudum á laugardagsmorgninum og í Mývatnssveit vorum við komnar um hádegisbil. Skömmu seinna mættu svo Zetasystur og urðu fagnaðarfundir. Í Selhóteli þáðum við léttan

hádegisverð og á meðan matast var sagði Anna Þóra Baldursdóttir landssambandsforseti okkur frá því helsta sem er á döfinni í starfi landssambandsins þetta starfsár. Einnig rakti hún í stuttu máli ferð sína og sjö annarra DKG systra til Chicago í sumar á þing alþjóðasambandsins. Mikið var spjallað undir borðum og kom í ljós að ýmsar tengingar voru milli kvenna frá fornu fari. Höfðu konur ýmist verið saman í námi á árum áður eða unnið saman. Má segja að þarna hafi bæði gömul kynni verið endurnýjuð og stofnað til nýrra. Zeta-systur stóðu svo fyrir leik undir borðum sem við allar tókum þátt í og höfðum gaman af. Að borðhaldi loknu var farið í stutta gönguferð um Skútustaðagíga í dásamlegu veðri og er óhætt að segja að Mývatnssveitin hafi skartað sínu fegursta. Að gönguferð lokinni var keyrt yfir í Ytri-Neslönd þar sem **Fuglasafn Sigurgeirs** var nýlega opnað almenningi. Þar fengum við frábærar móttökur og er skemmst frá því að segja að safnið er allt hið glæsilegasta og vel þess virði að eyða þar stund. Dagskrá þessa sameiginlega fundar lauk svo með því að þegnar voru veitingar í safninu; rúgbrauð með reyktum silungi og vöflur með rjóma. Að borðhaldi loknu var komið að kveðjustund og héldu báðir hópar af stað heim eftir viðburðaríkan og ánægjulegan dag. Var haft á orði að þetta þyrfti að endurtaka og er hugmyndin að koma á fleiri slíkum fundum í framtíðinni.

Við stefnum svo að sjálfsögðu á að mæta sem flestar á landssambandsþingið sem haldið verður í samvinnu við Zetasystur á Hallormsstað í maí. Verður ánægjulegt að endurnýja þau tengsl sem mynduðust í Mývatnssveitinni um leið og stofnað verður til nýrra kynna við konur úr öðrum deildum. Vonandi verður þetta fjölsótt þing og við hlökkum til að sjá ykkur sem flestar.

Með kveðju
Stjórn Betadeildar.



Gönguferð um
Skútustaðagíga

Fréttir af starfi deilda

Við Deltakonur hófum starfsárið með hátíð í tilefni 20 ára afmælis deildarinnar. Við hittumst á Hótel Glym á föstudagssíðdegi, fórum í hópefli og áttum síðan yndislegt kvöld með mat og samveru. Svo á laugardeginum héldum við formlegan afmælisfund. Í tilefni afmælisins voru tvær félagskonur heiðraðar þær Gyða Bergþórsdóttir og Kristín R. Thorlacius.

Annars var þema vetrarins tónlist.

Við sóttum tónleika í Reykholtskirkju með Freyjukórnum ásamt Páli Óskari og Monicu. Og skemmtilegt að segja frá því að fjórar Deltasystur syngja með kórnum.

Við skoðuðum nýtt húsnæði Tónlistarskólans á Akranesi sem er með eitt fullkomnasta hljóðkerfi landsins og þó víðar væri leitað. Skólastjórinn sagði okkur frá helstu áherslum í starfi skólans og þeim möguleikum sem nýtt húsnæði býður uppá og svo litum við inn á æfingu hjá Þjóðlagasveitinni.

Við skoðuðum einnig nýtt húsnæði Tónlistaskóla Borgarfjarðar og sáum sýninguna Sígaunabaráóninn sem var sýnd í tilefni af 40 ára afmæli skólans og var sett upp undir stjórn einnar félagskonu Deltadeildar auk þess sem hún söng eitt af aðalhlutverkunum.

Við heimsóttum Etadeild í Reykjavík og hlustuðum á fyrirlestur Kristínar Vals um tónlistarkennslu – þar sem söngur salinn fyllir – sálir þroska má. Tvær Deltakonur þýddu enskan texta um Delta Kappa Gamma við fjörugt lag og var það sungið á fundinum auk laga sem kynnt höfðu verið á afmælisþingi DKG í Reykholti sl. vor. Á því skemmtilega þingi heyrðum við líka af góðri hugmynd sem við útfærðum í vetur hjá okkur, en það er að við skiptum okkur í hópa sem höfðu kynningar til að skerpa á ýmsum þáttum í starfi félagsins t.d. um markmið, tákni, styrki og tónlist.

Við gættum þess að halda í hefðir deildarinnar með happdrættinu okkar sem heldur uppi fjárhagnum og fundarliðnum sem ýmist er kallaður orð til umhugsunar eða mér er efst í huga, þar sem margt umhugsunarvert kom fram. Einnig reynum við að dreifa fundunum okkar um Vesturland sem er okkar svæði og að sameinast í bíla þegar farið er á fundi. Í vetur hefur fundarsókn verið mjög góð. Aðalfundur verður síðan haldinn í lok maí og þá teknar inn nýjar félagskonur.



Fréttir af starfi deilda

Kappadeildin okkar var stofnuð á 30 ára afmæli hjá Delta Kappa Gamma, þann 27. mars árið 2007. Hún er 10. deildin sem stofnuð var innan samtakanna, en við erum 27 konur í þessari deild. Nú erum við að hefja okkar annað starfsár og stjórnin ákvað að þema vetrarins yrði: „Hið gullna jafnvægi.“ Allar reynum við að finna jafnvægið milli vinnu og einkalífs er við lítum til allra þeirra mismunandi hlutverka sem við erum í. Margar konur eru auk þess að vera í krefjandi störfum e.t.v. mæður, eigin konur, ömmur, systur og svona mætti lengi telja. Öllu þessu þarf að sinna af kostgæfni og fengum við góða fræðslu og leiðsögn um þessi efni af Sigríði Huldu Jónsdóttur varaformanni okkar.

Var það á fyrsta fundinum okkar í haust, sem haldinn var í Árbæjarsafni, en þar tók á móti okkur Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður. Byrjuðum við á því að skoða nýja sýningu í húsi sem heitir Landakot, en sýningin nefnist „Komdu að leika“ og fjallar hún um leiki og leikföng barna í Reykjavík á 20. öldinni. Þetta er mjög skemmtileg sýning, sem hægt er að mæla með bæði fyrir unga og aldna. Á þessum fundi var Unnur Ingólfssdóttir, félagsmálastjóri með orð til umhugsunar og voru orð hennar einmitt um hið gullna jafnvægi, en við sendum ykkur grein hennar í fréttabréfið til frekari glöggvunar. Við enduðum þennan fína fund á því að Guðný Gerður sagði okkur frá starfinu í Minjasafni Reykjavíkur, safnfræðslu í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni í Reykjavík 871+/-2. Voru félagskonur afar ánægðar að koma í þessu fögru og gömlu húsi, auk þess að auðga anda sinn og hressa upp á sálartetrið. Annar fundur okkar þetta haustið var haldinn í Flataskóla í Garðabæ, en Margrét Elín gjaldkerinn okkar tók á móti okkur þar. Hún sýndi okkur hluta af fallegum húsa-kynnum skólans, en þar er auðugt tónlistarlíf og svo skemmtilega vildi til að Óperukórinn var einmitt með æfingu er við gengum þar um. Sigríður Johnsen var með fagra hugvekju um ömmuhlutverkið, glímuna við að ákveða starfslok eftir farsælan feril og breytt líf með ýmsum skapandi verkefnum sem ekki vannst tími til að sinna með krefjandi skólastjórastarfi

Sigríður var svo elskuleg að bjóðast til að halda fyrirhugaðan jólafund okkar á heimili sínu, sem lengst upp í sveit í útjaðri Mosfellsbæjar. Það er mikil tilhlökkun að koma til hennar, en fundurinn verður þann 20. nóvember. Við erum að ákveða dagskrá þessa fundar, en þar munum við hafa góðan tíma til kynnst betur og að spjalla saman.



Á fundinum í Flataskóla sagði Ásgerður Ólafsdóttir, sérkennari okkur frá CAT-kassanum, en hann er sérstaklega þróaður til að auðvelda samræður við börn og ungmenni. Markmiðið með notkun hans er að styðja samræður þeirra frá 6 ára aldri, sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig beint um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. Bæði foreldrar og fagfólk getur notað CAT-kassann á áhrifaríkan hátt í daglegum samræðum við börn. Notkun hans hvetur bæði börn og fullorðna til umhugsunar á meðan samtalið á sér stað. Vakti Ásgerður virkilega áhuga okkur um þetta efni. Ásgerður hefur flutt búsetu sína upp í Reykholt í Borgarfirði og er mikill hugur í félagskonum að heimsækja hana þangað eina helgina í apríl.

Stjórnin mun hittast á fundi þann 10. nóvember og setja betur niður vetrarstarfið, en við ætlum að hafa sameiginlegan fund með Alfadeildinni og einnig hefur Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti kennaradeildar Háskóla Íslands, Menntavísindasviðs boðist til að hafa fund í gamla Kennaraháskólanum. Mun hún kynna okkur það sem ber hæst í kennaramenntuninni eftir alla sameininguna og önnur efni sem lúta að þessum málum. Eins og þið sjáið við þennan lestur er starfið þróttmikið og mikill samhugur og kraftur í félagskonum á þessum umbrotatímum.

Fyrir hönd stjórnarinnar og með ósk um góðar stundir.-))

Marsibil Ólafsdóttir



Kappakonur á góðri stundu.

Ávinningur

Ávinningur af þátttöku í Delta Kappa Gamma samtökunum er víðtækur og fjölbreyttur. Unnið er eftir markmiðum samtakanna en þau spanna vítt svið og gefa mikla möguleika til leiks og starfs.

Þeim konum sem starfað hafa í þessum samtökum, ber saman um að þátttakan gefi þeim margfaldan ávinning og veiti þeim gleði og ánægju.

Flestar telja að mesti ávinningurinn sé sú vinátta sem myndist milli féлага eða systra í samtökunum. Einnig telja þær að þátttakan efli faglega vitund þeirra, þjálfri þær í stjórnunarstörfum, efli kynni milli landshluta, landa og heimsálfa og treysti sambönd milli kvenna á ólíkum skólastigum og jafnframt opni þeim nýja sýn á störf annarra og minnki bil milli skólastiga. Ennfremur er mikill ávinningur í að hitta fólk víðs vegar að úr atvinnulífinu, heyra viðhorf þess, bæta við sig þekkingu og skiptast á skoðunum.

Möguleiki er á að sækja svæðisfundi Evrópusvæðisins, sem Ísland á aðild að, eða annarra svæða í Bandaríkjunum sem haldnir eru á oddatölu og/eða alþjóðþingið sem haldið er annað hvert ár á jafnri tölu oftast í hinum ýmsu borgum Bandaríkjanna.

Ýmis tilboð berast frá alþjóðasamtökunum varðandi styrkveitingar. Hægt er að sækja um að vera gestafyrirlesari í tengslum við samtökin og fá þannig möguleika á að koma sínum viðhorfum áleiðis til heimsins.

Félagskonum berast einnig ýmis tilboð varðandi námskeið á vegum alþjóðasamtakanna eða hinna ýmsu landssamtaka.



Fréttir af starfi deilda

Ný stjórn Gammadeildar tók til starfa á vordögum og hittist þá strax til að huga að vetrarstarfinu. Þráðurinn var síðan tekinn upp aftur í ágúst og starfsáætlunin ákveðin fram að áramótum. Jaðarhópar í þjóðfélaginu í víðu samhengi er yfirskrifin fram að jólum auk menningar.

Fyrsti fundur haustsins var 9. september á Sjóminjasafninu að Grandagarði 8, Reykjavík. Tekið var á móti hópnum og honum veitt leiðsögn um safnið. Safnið fannst konum áhugavert og höfðu fæstar sótt það heim áður. Margt rifjaðist upp úr reynslubanka hópsins þegar lítið var yfir hina fjölmörgu muni sem minntu á gamla tíma til sjós og lands.

Undanfarin ár hefur vetrarstarfið hafist á safni í borginni og er það skemmtilegt. Staðreyndin er sú að margir þurfa einhverja hvatningu til að skoða t.d. áhugaverð söfn.

Að lokinni skoðunarferð var gengið yfir götuna á veitingastaðinn Sjávarbarinn.

Annar fundur haustsins var 9. október. Að þessu sinni heimsóttum við Lyngás, dagvistun fatlaðra barna og ungmenna og Safamýraskóla, sérskóla á grunnskólastigi fyrir nemendur með mikla fötlun. Auk Hrefnu Þórarinsdóttur Gammasystur tóku Birna Björnsdóttir forstöðukona á Lyngási og Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Safamýrarskóla á móti hópnum og leiddu hann í gegnum húsakynni og lýstu starfsemi á báðum stöðum. Gammasystur áttu varla orð yfir hve starfsemi er frábær, fagleg í skipulagningu og stjórnun. Myndlistin höfðaði til margra og spennandi lausnir sem eru í boði fyrir notendur/nemendur. Lyngás er rekið af styrktarfélaginu Ás en Safamýraskóli á vegum Reykjavíkurborgar.

Næsti fundur verður 10. nóvember. Umfjöllunarefnið verður þá Hælisleitendur og flóttamenn á Íslandi. Helga G. Halldórsdóttir Gammakona flytur erindi um aðkomu Rauða krossins. Anna Lára Steindal mannfræðingur og verkefnisstjóri RKÍ í Flóttamannaverkefninu á Akranesi greinir frá framgangi þess í máli og myndum. Orð til umhugsunar flytur flóttakona búsett hér á landi, Jyna Caicedo flóttamaður frá Kólómbíu sem kom til Íslands árið 2005

Hlökkum við mikið til þessa áhugaverða fundar.

Jólafundurinn verður með hefðbundnu sniði þann 3. desember.

Rithöfundur kemur í heimsókn og les úr verkum sínum. Orð til umhugsunar eru tengd jólum og jólahaldi. Allir koma með eitthvað gott á kaffiborðið. Að lokum syngjum við jólalögin.

Dagskrá seinni hluta vetrar er ekki endanlega ákveðin en fjallað verður um konur í stjórnun og jafnréttislög og er stjórnin að leggja síðustu hönd á dagskrána þessa dagana.

Björg Eiríksdóttir formaður Gammadeildar



Gammakonur að spjalla og næra sig eftir fróðlegan fyrirlestur og leiðsögn um Lyngás og Safamýrarskóla



Fréttir af starfi deilda

Ný stjórn var kosin í Alfadeild á aðalfundi sl. vor. Stjórnin var endurkjörin að hluta til og í henni sitja: Erna Árnadóttir, sem var endurkjörin formaður, María Solveig Héðinsdóttir, varaformaður, Sigrún Klara Hannesdóttir, ritari, Þóra Kristinsdóttir, gjaldkeri og meðstjórnendur þær Margrét Schram og Sigríður Ragna Sigurðardóttir. Stjórn Alfadeildar hefur fundað nokkrum sinnum það sem af er og fjallað um innri málefni deildar, m.a. þátttöku félagskvemma í fundum og girnileg fundarefni. Á haustönn hafa verið haldnir tveir fundir og þriðji fundurinn, jólafundur, er áformaður 6. des. nk. Hann verður haldinn í heimahúsi. Á jólafundurinn kemur sr. Lena Rós Matthíasdóttir og þar verður væntanlega etinn hefðbundinn jólamatur að venju. Og tónlist og sitthvað fleira verður líka á boðstólum. Fyrsti fundur í Alfadeild var haldinn á Þingholti í 20. september. Í upphafi fundar var Jenna Jensdóttir heiðruð en hún er einn af stofnfélögum deildarinnar og varð níræð sl. sumar. Gestur fundarins var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, og talaði hún um ýmis hugðarefni sín, gildi tungumála, tungumálastofnunina sem heitir í höfuðið á henni og drauma og ráðagerðir í því sambandi. Það er alltaf gefandi og hvetjandi að hlusta á Vigdís enda var fundurinn vel sóttur og henni þakkað af einlægni. Vigdís er heiðursfélagi.

Fundur var næst haldinn í byrjun nóvember. Áslaug Brynjólfssdóttir var þar með Orð til umhugsunar og fjallaði um frelsið í mörgum myndum og hvernig það birtist, stundum í skötulíki. Innlegg Áslaugar þótti þarft og vel við hæfi. Þá kynnti formaður nýjar konur en ætlunin er að taka inn hóp af nýjum konum eftir áramótin. Nokkur umræða fór fram um þann þátt en allar voru félagskonur sammála um að nauðsyn væri á því að fjölga í deildinni. Þá hélt Sigríður Lára Ásbergssdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, fyrirlestur um leikskólalögin, erindi hennar var bæði fróðlegt og ítarlegt og konur spurðu margs. Gerður var góður rómur að máli hennar.

Eftir áramót eru áformaðir þrír fundir. Sá fyrsti eftir áramót verður haldinn 27. janúar en þá er ætlunin að taka inn nýjar konur og fjalla um jólabækurnar. Fimmtí fundur vetrarins verður síðan haldinn 28. febrúar og verður sameiginlegur með Kappadeild. Síðasti fundur deildarinnar verður svo 17. Mars 2009. Dagskrá hefur ekki verið ákveðin á tveimur síðustu fundunum og ræðst að nokkru af húsnæði og efni funda. Deildin hefur verið á nokkrum hrakhólum með húsnæði, verið hér og þar, en vonandi rætist úr því eftir áramót. Vetrarstarfið hefur farið vel af stað, fundir hafa verið fjölsóttir og er það ósk stjórnar að starfið geti orðið bæði gefandi og líflegt í vetur. Oft var þörf en nú er nauðsyn!

Með góðri kveðju
Erna Árnadóttir

Fréttir af starfi deilda

Fráfarandi stjórn Etadeildar undir formennsku Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur lagði grunninn að stefnu deildarinnar og markmiðssetningu. Skipulag yfirstandandi starfsárs byggir á þeirri vinnu og fundir eru skipulagðir á grundvelli markmiðanna. Eta deild er skipuð hópi kröftugra systra sem allar hafa mikið til málanna að leggja. Samvinna og umsjón með fundum styrkir og eflir innri tengsl okkar og því var sá háttur hafður á að stjórnin skipulagði fyrsta fund vetrarins og lagði línurnar að vetrarstarfinu 2008 – 2009 og deildarsystur skipta með sér verkum hvað varðar umsjón og skipulagningu funda vetrarins.

Fyrsti fundur var skipulagður af stjórn Eta deildar út frá markmiðinu: ***Að hafa forystu í faglegri umræðu*** og var haldinn 29. október kl. 18:30 í Verzlunarskóla Íslands. Umræðuefnið var *Ný menntastefna* og hvaða væntingar bera menn í brjósti til hennar. Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu gerði grein fyrir lögunum og spunnust miklar og góðar umræður út frá erindi hans.

Auður Torfadóttir flutti orð til umhugsunar og lagði út af ljóði Hannesar Péturssonar *Skeljar* og minnti okkur á að njóta líðandi stundar. Formaður flutti deildinni upplýsingar frá framkvæmdaráðsþingi, sem haldið var í Hafnarfirði 30. ágúst. Undirbúningur vetrarstarfsins hófst með að deildarkonur drógu sig í starfshópa og unnu að skipulagi hver hópur út frá einu markmiði deildarinnar. Birt verður á heimasíðu hverjir eru í undirbúningsnefnd fyrir hverja nefnd og hver er í forsvari fyrir hana.

Annar fundur er ***jólafundur*** með hefðbundnu eða óhefðbundnu sniði og verður haldinn 2. desember kl. 19 í húsnæði Menntavísindasviðs í Skipholti undir styrkri stjórn Stefaníu Stefánsdóttur.

Þriðji fundur er skipulagður með markmiðið ***Að velja verkefni utan deildar til að vinna að*** í huga. Hann verður haldinn 21. janúar 2009.

Fjórði fundur hefur markmiðið ***Að efla innbyrðis tengsl okkar*** að leiðarljósi og verður haldinn 2. mars 2009.

Fimmti og síðasti fundur vetrarins gengur út frá markmiðinu ***Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan***. Sá fundur verður er á dagskrá 28. apríl 2009.

Sérstakur hópur mun síðan halda utan um allt sem viðkemur landssambandsþingi sem haldið verður á Hallormsstað, dagana 16. og 17. maí næstkomandi.

Kveðja
Brynhildur Ragnarsdóttir

Styrkur úr Námsstyrkjasjóði Delta Kappa Gamma á Íslandi

Stjórn landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi auglýsir einn styrk úr Námsstyrkjasjóði starfsárið 2008–2009. Styrkupp hæð er kr. 100 þúsund og skal styrkurinn veittur félagskonu vegna vinnu við meistaraþrófs- eða doktorsverkefni eða vegna verkefnis sem unnið er í sambærilegu framhaldsnámi. Umsækjandi skal sýna fram á að verkefnið sé komið vel á veg.

Purfi að velja milli umsækjanda, sem uppfylla skilyrði skal, m.a. tekið tillit til virkni umsækjanda í samtökunum og þess hversu lengi hann hefur verið félagi.

Með umsókn þarf að fylgja stutt greinargerð, þar sem umsækjandi gerir grein fyrir námi sínu og stöðu þess, lýsir verkefninu og því hvernig hann hyggst verja styrknum.

Styrkurinn verður afhentur á landssambandsþingi í vor.

Nánari upplýsingar, reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð má nálgast hjá formanni námsstyrkjasjóðsnefndar, Jóhönnu S. Þorsteinsdóttur í Betadeild. Sími 897 3842, netfang:

johannas@akmennt.is. Einnig má nálgast gögnin hjá öllum formönnum deilda. **Umsóknir skulu sendar til formanns nefndarinnar Kleifargerði 3, 600 Akureyri.**

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2009



Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum

